

Fundur stjórnar FNS

9. apríl 2015, kl. 16:15 í húsnæði N1 við Dalveg í Kópavogi

Mættar: Gréta, Olga, Helga, Ágústa, Ásthildur

1. Vinna við skýrslu fyrir aðalfund
 - Farið yfir skýrslu FNS fyrir starfsárið 2014 – 2015

2. Sumarnámskeið sem haldið verður í samstarfi FNS og Endurmenntunar HÍ með styrk frá SEF
 - Rætt um hvers konar námskeið á að hafa, kennara og tímasetninu
 - Jákvæð sálfræði og námstækni 21. Aldarinnar eru hugmyndir sem upp komu og verða bornar undir Endurmenntun HÍ
 - Eftir að hafa skoðað tímasetningar verður fyrsta vikan í júní eflaust fyrir valinu

3. NVL – norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu
 - Arnheiður Gígja er íslenskur fulltrúi í þessu verkefni. Helga sagði okku frá verkefni NVL um starfsþróunarhæfni og þeirri hugmynd að Dagur náms- og starfsráðgjafar verði að einhverju leyti haldinn næst með þetta verkefni í huga. Hugsanlega væri að fyrirlesarar kæmu erlendis frá og að hægt væri að opna þennan dag fyrir fleiri stéttum en einungis náms- og starfsráðgjöfum.
 - Umræður um þessa beiðni og var tekið mjög jákvætt í hana, ákveðið að ræða þetta strax við nýja stjórn að loknum aðalfundi.

4. Önnur mál
 - Rætt um skipulagningu á aðalfundi og skemmtun á eftir.
 - Rætt um stöðu mála hjá uppstillingarnefnd og hversu margir hafi gefið kost á sér í embætti. Enn vantar í margar nefndir en von er til þess að það rætist úr á næstu dögum
 - Rætt um tilnefningar til næsta formanns
 - Rætt um launagreiðslur til formanns og hvort ekki þurfi að endurskoða þær. Engin hækkun hefur verið á þessum greiðslum í fjölda ára. Stjórn ákvað að hækka ætti launin í 300 þúsund, sem greitt er við lok hvers starfsárs.
 - Rætt um stéttarfélagsmál og kosti og galla þess að vera með eigin stéttafélag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:15